



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík, 20.02.2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands Þingskjal 39 — 39. mál á 150. löggjafarþingi 2019–2020

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis dags. 30. janúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn Gagnsæis um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, 39. mál.

Gagnsæi fagnar tillögunni og telur að fullt tilefni sé til rannsóknar af þessu tagi. Umtalsverðar upphæðir voru færðar inn í landið í gegnum fjárfestingarleiðina og mikilvægt er að varpa ljósi á hvort þar hafi verið einhverjar brotalamir á eftirliti með uppruna fjármagnsins. Í húfi eru mikilsverðir almannahagsmunir.

Vísa má til þess að eftirlit með flutningi fjármagns milli ríkja er sérstakt áhersluatriði Transparency International um þessar mundir og er það af ærnu tilefni. Þegar nýjasta spillingarvísitala (CPI) TI var gefin út nú í janúar fylgdi henni sérstök umfjöllun um ríki sem raðast ofarlega samkvæmt vísitölunni en teljast samt sem áður ekki ónæm fyrir spillingu, sér í lagi þegar kemur að peningabætti og annarri spillingu í einkageiranum.¹ Ísland er nefnt fyrst ríkja vegna Samherjamálsins sem ljóstrað var upp um á síðasta ári, en það varðar meðal annars meint peningabætti á hagnaði Samherjasamstæðunnar erlendis sem grunur liggur á að fenginn var með spilltum hætti. Alþjóðleg umfjöllun af þessu tagi hlýtur að gefa þeim mun meira tilefni til viðbragða af hálfu Alþingis í því skyni að efla traust gagnvart því að Ísland sé að taka á peningabætti á sínum enda.

¹ https://www.transparency.org/news/feature/cpi_2019_Trouble_at_the_top

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Gagnsæis – samtaka gegn spillingu

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Halldór Auðar Svansson". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Halldór Auðar Svansson,
Valgerður Bjarnadóttir, formaður
Geir Guðmundsson,
Kirstín Flygenring,
Edda Kristjánsdóttir,
Guðrún Johnsen